

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2005

frá 10. júní 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2005 frá 29. apríl 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/97/EB frá 27. september 2004 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/60/EB að því er varðar fresti ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/2/EB frá 19. janúar 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum *Ampelomyces quisqualis* og *Gliocladium catenulatum* ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/3/EB frá 19. janúar 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum ímasósúlfúroni, laminaríni, metoxýfenósíði og s-metólaklóri ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE):
 - „- **32005 L 0002**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/2/EB frá 19. janúar 2005 (Stjtið. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 15),
 - **32005 L 0003**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/3/EB frá 19. janúar 2005 (Stjtið. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 19).“
2. Eftirfarandi bætist við í 49. undirlið liðar 12a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/60/EB):

„, eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 44 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 301, 28.9.2004, bls. 53.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 20, 22.1.2005, bls. 19.

- **32004 L 0097**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/97/EB frá 27. september 2004 (Stjtíð. ESB L 301, 28.9.2004, bls. 53).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2004/97/EB, 2005/2/EB og 2005/3/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.